

Munkaþverárklosturskirkja fardagaárið 1883—84.

67

Tekjur.			Kr.
1. Fasteignartíund af 91,6 œ = 27½ al.	á 56 a.		15,40
2. Lausafjártíund af 203,5 œ = 61 al.	á 53 -		32,33
3. Ljóstollar 30, hver 4 pd. tólgar = 120 pd.	á 35 -		42,00
4. Legkaup 4½ = 27 ál.	á 53 -		14,31
			104,04

Gjöld.			Kr.
1. Til ljósa sem venjulega 12 pd. tólgar	á 35 a.		4,20
2. Ljósakveikir og kertasteypa			1,18
3. Fyrir umsjón og þvott á kirkjunni m. m.			10,66
4. — pappír og lakk til kirkjunnar			0,66
5. Til altarisgöngufólks			2,65
6. Fyrir endurskoðun reiknings þessa, 3 ál.	á 56 a.		1,68
7. Fyrir 3 stálspáða			12,00
8. Fyrir að meta fyrirhugaða aðgjörð á kirkjunni			6,00
9. Sent til landfógeta í peningum			65,01
			104,04

Flateyjkirkja fardagaárið 1883—84.

Tekjur.			Kr.
1. Í sjóði hjá fjárhaldsmanni 6. júní 1883			66,11
2. Fasteignartíund af 15,3 œ = 9,2 fisk.	á 27½ eyr.		2,53
3. Lausafjártíund af 20 œ = 12 fisk.	á 27½ —		3,30
4. Ljóstollar, tals 10, hver 4 pd. tólgar = 40 pd.	á 33½ —		13,40
5. Legkaup engin.			
6. Skuld kirkjunnar við jarðabókarsjóðinn			745,54
			830,88

Gjöld.			Kr.
1. Skuld kirkjunnar við jarðabókarsjóðinn			745,54
2. Til ljósa sem venjulega 8 pd. tólgar	á 33½ eyr.		2,68
3. Fyrir brauð og vín			3,73
4. — hirðing kirkjunnar og kertarök			2,50
5. Hálf vísitaziulaun prófasts 1883, 10 ál.	á 55 a.		5,50
6. Í sjóði hjá fjárhaldsmanni í fardögum 1884			70,93
			830,88

Skrifstofu norður- og austuramtsins 7. febr. 1885.

*J. Havsteen.***Skýrsla**

68

um fund amtsráðsins í norður- og austuramtinu 2. og 3. júní 1885.

Ár 1885, 2. júní, var fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu settur á Akureyri af forseta ráðsins, amtmanni Julius Havsteen, með amtsráðsmönnum Ein-ari umboðsmanni Ásmundssyni í Nesi og Benedikt umboðsmanni Blöndal í Hvammi.

68

Mál þau, sem komu til umræðu á fundinum voru þessi:

1. Forseti skýrði frá, að sjer hefði borizt sú frjett, að varaamtsráðsmaður cand. phil. Páll Vigfússon á Hallormsstað, sem kosinn hafði verið í amtsráðið til vara í fyrra sumar, væri andaður, og bar undir ráðið, hvort kjósa skyldi þegar annan varamann í hans stað, eða fresta kosningu, þangað til almennar kosningar framfæru í næsta skipti, þannig að þá yrðu kosnir, auk amtsráðsmanns, tveir til vara, sbr. 5., 9. og 47. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar. Amtsráðið samþykkti í einu hljóði, að fresta skyldi kosningu varamanns, þangað til nýjar almennar kosningar framfæru.

2. Amtsráðið afgreiddi til landshöfðingja tillögur sínar um, hve mikla borgun mætti reikna þeim manni fyrir hvern sólarhring, sem fenginn yrði til þess að hafa gæzlu á föngum í fangahúsinu á Eskifirði, sbr. erindisbrjef handa lögreglustjórum 10. júlí 1876, B. bls. 73—74 og lög 2. nóvbr. 1877, um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðnum.

3. Amtsráðið ályktaði að leita álits hlutaðeigandi sýslumanns eða sýslunefndar um kæru frá hreppsnefndunum í Svínavatnshreppi og Torfalækjarhreppi í Húnavatnssýslu yfir úrskurði sýslunefndarinnar þar, viðvíkjandi kostnaði við eptirleit á Kúluheiði í haust, er var.

4. Samskonar ákvörðun var tekin um kæru frá hreppsnefndinni í Vindhælishreppi yfir úrskurði sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu á jafnaðarreikningi hreppsins fyrir 18^{82/83}.

5. Frá hreppsnefndinni í Saurbæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu var komið kæru-skjal yfir úrskurði sýslunefndarinnar 9. apríl þ. á., sem fellir úr gildi úrskurð hreppsnefndarinnar á kæru Sigurðar Sigurðssonar í Árgerði, yfir útsvari því, sem honum hafði verið gjört haustið 1883, og leggur hreppsnefndinni fyrir, að úrskurða útsvarskæruna að efninu til, en hreppsnefndin hafði álitid, að kærana hefði komið of seint fram. Amtsráðið lagði þann úrskurð á þetta mál, að sýslunefndin hefði eigi farið fram yfir það, sem hún hefði vald til, og að úrskurður hennar væri endilegur, þar sem niðurjöfnun hreppsgjalda hefði verið lögð fram 15. nóvbr. og útsvarskæra Sigurðar hefði komið til oddvita 13. desbr., en sá dagur, er niðurjöfnun er lögð fram, skal eigi talinn, þegar kveða skal á um það, hvort útsvarskæra sje komin fram innan þess frests, sem tiltekinn er í lögum 9. jan. 1880, um breyting á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi. (Framh.).

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögnum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C 5 a.

Veittar 100 kr. til að ryðja fjallveginn yfir Grindaskörð.

10. gr. C 5 b.

Rangárvallasýslu veittur 500 kr. styrkur til vegabóta á sýsluvegum.

Gullbringu- og Kjósarsýslu veittur 500 kr. styrkur til að gjöra brýr á sýsluveginum fyrir framan Eyrartjall og Reynivallaháls og enn fremur heitið allt að 200 kr. styrk til að leggja brú yfir Fossá.

Árnessýslu veittur 1000 kr. styrkur til endurbóta á aðalpóstveginum um sýsluna.

16. gr. 6.

Cand. jur. Birni Bjarnarsyni veittur af ráðgjafanum 200 kr. styrkur til að standast kostnað við flutning til Íslands á myndum er gefnar hafa verið til stofnunar íslensku málverkasafni.

Hinu íslenska biblíufjelagi veittur 120 kr. styrkur fyrir 1885.

Docent Helga Hálfðánarsyni veittur 300 kr. styrkur til gefa út 2. hefti af almennti kirkjusögu (sbr. Stjtið. 1882 B bls 68).

ÓVEITT PRESTAKALL.

Auðkúla í Húnavatns prófastsdæmi (Auðkúlu og Svínavatnssóknir). Metið 890 kr. 63 a. Auglýst 22. júní 1885.

Skýrsla

68

um fund amtsráðsins í norður- og austuramtinu 2. og 3. júní 1885.

(Framh.).

6. Hreppstjóri Jóhann P. Pjetursson á Brúnastöðum hafði kært fyrir amtsráðinu, að sýslunefndin í Skagafjardarsýslu hafi með úrskurði sínum 14. febr. f. á. hækkað útsvar hans til Lýtingsstaðahrepps haustið 1883 um 10 kr., þótt hreppsnefndin hefði eigi úrskurðað neitt um þetta útsvar hans, og þess eigi verið krafizt, þar sem annar maður, sem kærði yfir útsvari systur sinnar, hafði að eins tekið hreppstjóran til sam-anburðar, en eigi heimtað útsvar hans hækkað, fyr en hann áfrýjaði til sýslunefndar úrskurði hreppsnefndarinnar um nefnda kæru hans.

Með því málavextir voru eins og sagt er, og amtsráðið verður að álíta, að það liggi í augum uppi og leiði af 19. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, að sýslunefnd geti eigi lagt úrskurð á útsvarskæru, sem eigi hefur verið áður lögð undir hlutaðeigandi hreppsnefnd og verið úrskurðuð af henni, ályktar það að sýslunefndin hafi farið fram yfir vald sitt, og fellir úr gildi fyrnefndan úrskurð sýslunefndarinnar um útsvar Jóhanns hreppstjóra Pjeturssonar, sbr. 51. gr. 1. í sveitarstjórnartilskipuninni 4. maí 1872, þannig að þær 10 kr., sem útsvar hans var hækkað um, endurborgist honum eða verði látnar koma uppí það útsvar, sem hann á að greiða í næsta skipti til sveitarinnar.

7. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, 31. jan. 1885, þar sem hann samkvæmt tillögum amtsráðsins veitir 21 búnaðarfjelagi styrk af því fje, sem ætlað er til eflingar búnaði á árinu 1884, samkvæmt fjárlögnum 18^{84/85}, 10. gr. C. 4.; nema þessar styrkveitingar alls 1668 kr. 50 a.; jafnframt felur landshöfðingi amtsráðinu, að útbýta 331 kr. 50 a., sem eptir eru af þeim hluta af þessari fjárveiting, sem hann hefir ætlað búnaðarfjelogum í norður- og austuramtinu á árinu 1884, milli búnaðarfjelaga, sem síðar kynnu að koma fram með skýrslur um unnar jarðabætur á nefndu ári og bænaraskrá um styrk.

Samkvæmt þessu veitti amtsráðið eptirnefndum búnaðarfjelogum þann styrk, sem hjer er nefndur:

1. búnaðarfjelagi Torfalækjarhrepps	119 kr. 50 a.
2. framfarafjelagi Hrafnagilshrepps	47 — —
3. framfarafjelagi Saurbæjarhrepps	33 — 50 —
	<u>200 kr.</u>

Það, sem eptir er, 131 kr. 50 a., verður að greiðast aptur í landssjóð, nema mætti útbýta því ásamt því fje, sem kemur til úthlutunar á árinu 1885, og vildi amtsráðið bera upp fyrirspurn hjer að lútandi fyrir landshöfðingja.

8. Eptir áskorun landshöfðingja ljet amtsráðið uppi tillögur sínar um styrkveitingar á þessu ári til búnaðarfjelaga eða búnaðarskóla eða þá annara búnaðarfyrirtækja. Ráðið ljet í ljósi að það byggist við, að umdæminu hlotnuðust 4000 kr. af þessari fjárveiting á yfirstandanda ári, eins og að undanförmu, og að búnaðarfjelog fengju allt að því 2000 kr. af nefndri upphæð. Með þessu fyrir augum ályktaði amtsráðið að fela amtsráðsmanni Einari Ásmundssyni að rannsaka og meta skýrslur þær um unnar jarðabætur, er skyldu fylgja bænaraskrá búnaðarfjelaganna um styrk af þessu fje, þegar þær væru innkomnar, til þess upphæð, sem hverju fjelagi bæri, yrði tiltekin þar eptir.

Að því leyti, er snertir úthlutun á því fje, sem þá er eptir, 2000 kr., lagði amtsráðið það til, að búnaðarskólanum á Hólum yrðiveittur 1100 kr. styrkur, og búnaðarskólanum á Eyðum 300 kr. styrkur, þegar reikningar væru komnir til amtsráðsins um tekjur og gjöld þessara skóla fyrir 18^{84/85}; við þessar tillögur sínar tók amtsráðið sjer-

1. dag ágústmán. 1885.

68 - staklega tillit til þess, að vextirnir 1885 af styrktarsjóðnum handa þeim, sem biða tjón af jarðeldi á Íslandi, mundu ganga til skólans á Eyðum.

Ennfremur lagði amtsráðið meðmæli sín með bænarskrá frá sýslumanninum í Suður- og Norðurþingeyjarsýslu um 600 kr. styrk til þess að senda mann til Bradford á Englandi til að kynna sjer og komast fyrir um orsakirnar til hins lága verðs, sem nú er á íslenskri ull og árlega fer lækkaandi, það er að segja að áliti amtsráðsins, að komast fyrir, hvernig ætti að meðhöndla ull til þess hún yrði sem útgengilegust; samt skyldi styrkurinn vera því skilyrði bundinn, að sýslunefndirnar sæju um að út kæmi á prenti skýrsla um árangurinn af ferð þess manns, sem sendur yrði.

Aptur á móti gat amtsráðið eigi mælt með bænarskrá frá Jóni Jónssyni bónda á Reynistað um verðlaun fyrir tilraunir til að bæta sauðfjárkyn, og heldur eigi með bænarskrá frá Jóni Jónssyni á Litlu Hámundarstöðum um styrk til þess að kaupa vefstól og vefnaðarverkfæri; amtsráðið vildi samt skjóta því til landshöfðingja, hvort hann gæti veitt hinn síðarnefnda styrk af því fje, sem ætlað er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja.

9. Forseti skýrði frá að hann uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins hefði veitt Árna hreppstjóra Þorkelssyni í Grímsey samkvæmt tilmælum hlutaðeigandi umboðsmanns 100 kr. styrk af búnaðarsjóði norður- og austuramtsins, til þess að ferðast til Reykjavíkur, til þess að kynna sjer þar meðferð á byggingargrjóti og steinveggjahleðslu. Amtsráðið fjellst á þessa ráðstöfun.

Amtsráðið veitti ennfremur búnaðarskólanum á Hólum samkvæmt þarum framkominni bænarskrá 500 kr. styrk úr búnaðarsjóðnum, þegar leigurnar fyrir þetta ár væru innkomnar.

Búnaðarfélag Svínavatnshrepps hafði sótt um sjerstakan styrk úr búnaðarsjóðnum auk þess styrks, sem fjelaginu hefur verið veittur úr landssjóði; amtsráðið sá sjer eigi fært að verða við þessari beiðni.

Sömuleiðis gat amtsráðið eigi veitt síra Páli Pálssyni í Þingmúla styrk til kál-garðaræktar, sem hann samkvæmt framkomnu vottorði nafngreindra manna leggur sjerstaklega ástundun á, úr búnaðarsjóðnum, og heldur eigi ekkjunní Helgu Jónsdóttur á Syðra Lóni á Langanesi um 300 kr. styrk til þess að halda áfram að leggja upphlaðna akbraut, 560 faðma á lengd, frá sjó og upp að bænum og þaðan yfir mýri uppá hálsa fyrir ofan bæinn.

10. Forseti skýrði frá, að landshöfðingi hefði eigi getað veitt svo mikið fje til fjallvega árið 1884, sem amtsráðið hefði beðið um, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 4. — 7. jan. 1884 (Stjórnartíðindi 1884, B, bls. 93) og voru alls veittar í þessu skyni 1800 kr. til áframhalds veginum yfir Vaðlaheiði, 1500 kr. til vegarins yfir Vestdalsheiði og 850 kr. til þess að ljúka við sæluhúsið við Jökulsá. Forseti hafði því, auk þess sem hann beiddi um fje til þeirra vegagjörða, sem nú voru nefndar, tekið upp aptur á þessu ári nokkrar af tillögum þeim um fjallvegagjörðir, sem landshöfðingi hafði eigi getað sinnt 1884, sem sje vegagjörð á Vatnsskarði í Skagafjarðarsýslu og á Grímstunguheiði, og ennfremur lagt það til, að fje yrði veitt til endurbóta á fjallvegnum yfir Öxnadalshaiði og Siglufjarðarskarð í Skagafjarðarsýslu og til vegagjörðar á Hallgilsstaðaheiði (Helkundarheiði), en með því að nægilegt fje var eigi til, hefur landshöfðinginn í brjefi, 24. marz 1885, tjáð amtinu, að hann að eins gæti látið til rúmar 3700 kr. á þessu ári til þess að halda áfram vegagjörðunum á Vaðlaheiði og Vestdalsheiði, sem yrðu að sitja fyrir, eins og amtsráðið hefði stungið uppá.

Forseti skýrði frá, að landshöfðinginn hefði með brjefi, 6. maí p. á., eins og í

fyrri, veitt 3300 kr., til þess að styrkja sýslusjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpósthleðunum hér í amtinu, og beðið um tillögur amtsráðsins um, hvernig þessu fje skuli skipt milli sýslunnanna. Amtsráðið fól forseta sínum að láta uppi þessar tillögur, þegar þær skýrslur væru komnar frá sýslumönnum í Skagafjarðarsýslu, Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu, sem hann hafði óskað eftir viðvíkjandi því, hve mikið fje væri lagt úr sýslusjóðum til hinna umspurðu vegagjörða; hve mikið er ætlað til aðalpóstvega í Eyjafjarðarsýslu og Suðurþingeyjarsýslu, má sjá á útskriftum úr gjörðabókum nefndanna, og var sjerstök skýrsla hjerum komin frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu.

11. Amtsráðið samþykkti þá tillögu sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu, að vegurinn frá Kárastaðaferju út á Sauðárkrók yrði tekinn upp í sýsluvegatölu.

12. Amtsráðið samþykkti þá tillögu sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu, að vegurinn frá Gilsferju við Eyjafjarðará upp að fjallveginum yfir Vaðlaheiði yrði tekinn upp í sýsluvegatölu.

13. Reikningur yfir kostnaðinn við brúargjörðina yfir Skjálfandafjót með fylgiskjölum var framlagður til endurskoðunar og úrskurðar. Amtsráðið yfirskoðaði reikninginn og samþykkti hann.

Kostnaðurinn hefir orðið alls 20070 kr. 82 a.; það sem fer fram úr láninu úr landsjóði 70 kr. 82 a., greiðist að jafnri tiltölu af þeim sjóðum, sem endurborgun lánsins hvílir á. Forseti skýrði frá, að skuldabréf væri útgefið fyrir þeim hluta lánsins, sem hvílir á jafnaðarsjóðnum, 6666 kr. 67 a., sem ávaxtast og afborgast með 6 af hundræði af þessari upphæð í 28 ár frá 8. nóvbr. 1887, þannig að leigur afláninu og afborgun greiðist í fyrsta skipti 8. nóvbr. 1888, og er á hverju ári 400 kr.

Amtsráðið ályktaði að votta Tryggva Gunnarssyni þakklæti fyrir allar framkvæmdir hans við þessa brúargjörð og brúargjörðina á Jökulsá.

14. Reikningur yfir kostnaðinn við bygging Jökulsárbrúarinnar var eigi fullgjör, vegna þess að nokkur skakki, sem að vísu nemur litlu, virðist vera á einu fylgiskjalinu, sem forseta hafði eigi verið hægt að fá leiðrætting á enn.

Samkvæmt því, sem fyrir liggur, er kostnaðurinn alls annaðhvort 3624 kr. 20 a. eða 3595 kr. 50 a., og eftir í sjóðnum annaðhvort 24 kr. 17 a. eða 52 kr. 87 a.

15. Framlagðir voru eftirfylgjandi reikningar yfir tekjur og gjöld sjóða, sem standa undir yfirumsjón amtsráðsins:

1. búnaðarsjóðs norður- og austuramtsins,
2. búnaðarskólasjóðs norður- og austuramtsins,
3. Jökulsárbrúarsjóðsins,
4. styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað,
5. gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar til fátækra í Vopnafjarðarhreppi og
6. gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar til fátækra í Vallanessókn.

Þessir reikningar voru endurskoðaðir af amtsráðinu og var ekkert að þeim fundið.

16. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs norður- og austuramtsins 1884, ásamt með fylgiskjölum; var reikningurinn endurskoðaður og ekkert að honum fundið og hann því samþykktur af amtsráðinu.

17. Var rædd og samþykkt

á æ t l u n

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1885.

Tekjur.

Jafnaðarsjóðsgjald	3500 kr.
	3500 kr.

1. Amtsráðið	300 kr.	
2. Til sáttamála	10 —	
3. Til heilbrigðismála	500 —	
4. Til menntunarmála (hjeraf til bókasafnsins 200 kr.)	1000 —	
5. Til heyrnar- og málleysingja	580 —	
6. Afborgun uppí og leigur til 18. okt. af láni úr landssjóði í til- efni af fjárkláðanum	560 —	
7. Oviss útgjöld	550 —	3500 kr.

18. Bæjarstjórnin á Akureyri hafði nú gengið að því að selja suðurstofuna í fangahúsinu handa amtsbókasafninu fyrir 1000 kr. alls, er afborgist án vaxtagreiðslu með 100 kr. á ári, og skyldi fyrsta afborgunin eiga sjer stað í júní-gjaldþaga 1886 (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 4.—7. jan 1884, Stjórnartíðindi 1884, B, bls. 91 og um fund ráðsins 1.—2. ágúst 1884, Stjórnartíðindi 1884, B, bls. 164). Forseti skýrði frá að hann hefði leitað samþykkis landshöfðingja til kaupanna fyrir hönd amtsráðsins og til sölunnar fyrir hönd bæjarstjórnarinnar.

Forseti skýrði frá að forstöðunefnd bókasafnsins hefði ráðið amtsskrifara cand. phil. Jón Magnússon til þess að ljúka við bókaskrína nú í sumar; bæði þetta og útvegum nýrra skápa, flutningur bókanna í suðurstofuna og niðurröðun þar hefur ærinn kostnað í för með sjer og veitti amtsráðið bókasafninu 200 kr. styrk af jafnaðarsjóði á þessu ári.

Framlagðir voru reikningar yfir tekjur og gjöld bókasafnsins fyrir 1883 og frá 1. jan. 1884 til 30. apríl 1885; nokkur fylgiskjöl vanta, en reikningshaldari hefur lofað að bæta úr þessu.

19. Reikningur yfir tekjur og gjöld kvennaskólans á Laugalandi fyrir skólaárið 18^{83/84} var framlagður og yfirfarinn; amtsráðið fann að athuga, að brunabótagjöld hefðu eigi verið borguð út, eptir því sem þau til fjellu, og sá, sem hefði lagt þau fram, hafi reiknað sjer rentu af framlögum sínum í þessu tilliti; amtsráðið varð að álíta, að þessi rentugreiðsla væri óþarfa útgjöld, og hefði átt að borga brunabótagjöldin fyrir hvert ár þegar í stað. Sömuleiðis komu nú fyrst til reiknings ýmisleg útgjöld frá fyrri árum, sem hefðu átt að greiðast fyrir löngu. Ennfremur var framlögð skýrsla yfir athafnir skólans á skólaárinu 18^{84/85}. Ráðið veitti skólanum 350 kr. styrk úr jafnaðarsjóði.

20. Framlögð skýrsla um athafnir kvennaskólans á Ytriey fyrir skólaárið 18^{84/85}. Ráðið veitti skólanum 350 kr. styrk úr jafnaðarsjóði.

21. Ennfremur var framlögð skýrsla um athafnir alþýðuskólans á Akureyri sem Guðmundur Hjaltason stendur fyrir, á skólaárinu 18^{84/85}, og gat forseti þess, að landshöfðingi hefði veitt þessum skóla 600 kr. úr landssjóði. Amtsráðið veitti skólanum 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði.

22. Forseti skýrði frá, að hann uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins hefði leyft sýslunefndinni í Suðurþingeyjarsýslu að taka 1500 kr. lán úr viðlagasjóði til þess að byggja alþýðuskólahús í Hljeskógum í Grýtubakkahreppi með 6% árlegri afborgun og vaxtagreiðslu í 28 ár. Amtsráðið samþykkti þetta.

23. Framlagður reikningur yfir tekjur og gjöld «Prentsmiðjúsjóðsins» 1884, og var eign sjóðsins við árslok í skuldabréfum gegn veði í jörðum 2450 kr., og gegn veði í kaupstaðarhúsi á Akureyri 208 kr. 12 a., og í peningum 1 kr. 7 a.

Þegar áðuráminnst skuld uppá 208 kr. 12 a. væri innkomin, skyldi leita konunglegrar staðfestingar á stofnunarskrá «Prentsmiðjúsjóðsins», sem amtsráðið samdi og er það aðalþingtak hennar, að ársvöxtunum af innstæðu sjóðsins, sem skuli vera 2600 kr., skuli skipt í

4 jafna hluti, sem amtsráðið veiti við hver árslok 2 fátækum og efnilegum námsmeyjum á kvennaskólanum í Eyjafjarðarsýslu eptir uppástungu forstöðukonunnar þar, og 2 fátækum og efnilegum námspiltum á gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum eptir uppástungu skólustjóra; en það sem þá væri eptir af sjóðnum, 59 kr. 19 a., ályktaði amtsráðið samkvæmt bænarskrá hlutaðeigandi forstöðunefndar að veita kvennaskólanum í Eyjafjarðarsýslu til útbýtingar milli fátækra námsmeyja þar, svo sem til skriffærakaupa og læknishjálpar, ef á pyrfi að halda.

Framlögð var bænarskrá frá ritstjóra Birni Jónssyni á Oddeyri um 200 kr. styrk af «Prentsmiðjusjóði» til að gefa út eðlisfræði og efnafræði eptir Benedikt Gröndal. Amtsráðið gat eigi veitt hinn umbeðna styrk af þessum sjóði, sem ætlaður er til að styrkja námsmeyjar og pilta á kvennaskólanum í Eyjafjarðarsýslu og á gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum.

24. Til amtsráðsins var komin bænarskrá frá Birni Pálssyni á Akureyri, sem hefir sýnt talsverða hæfilegleika til að búa til ýmisleg verkfæri og vjelar, sem notaðar verða í daglegu lífi, og sækir hann um styrk til þess að ferðast til Skotlands til að panta og láta smíða þar ýmislegt til vjelaðgjörða, er hann eigi getur fengið hjer, og til þess að kynna sjer landbúnaðarverkfæri og tóvjelar.

Þegar bænarskrá þessi kom til amtsráðsins, var það þegar búíð að ráðstafa því, sem til var fyrir hendi í búnaðarsjóði amtsins, og hafði þegar látið uppi tillögur sínar um útbýting þess fjár, sem ætlað er úr landssjóði á yfirstandandi ári til eflingar búnaði, og gat ráðið því eigi veitt beiðandanum þann styrk, sem hann biður um, þótt það áliti hann þess maklegan, að hann yrði styrktur af almannaþje, enda hefir sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu veitt honum 250 kr., en hann þarfnast 500—600 kr. til ferðarinnar. Amtsráðið ályktaði að senda landshöfðingja bænarskrána með beztu meðmælum sínum með því, að beiðandanum yrði veittur 500 kr. styrkur af fje því, sem ætlað er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja.

25. Framlagður var til yfirskoðunar reikningur yfir kostnaðinn við að koma búnaðarskólanum á Eyðum á fót og finnst ekkert við hann að athuga Ennfremur var framlagður reikningur yfir tekjur og gjöld skólans 18^{83/84}, og fannst að athuga við hann, að Eyðastóll er talinn keyptur fyrir 11000 kr., og vísað til fylgiskjals við hinn reikninginn, en sú kvittun hljóðar uppá 10000 kr. Aðgætandi er ennfremur að arður eða skaði af búinu á Eyðum er ekki talinn í reikningnum og verður eptirleidis að semja sjerstakan búreikning eða taka hann uppí ársreikning skólans.

Samkvæmt skýrslu sýslumannsins í Suðurmúlasýslu, meðtekinni með brjefi 24. apríl 1884, um fundarhald skólustjórnarinnar, 19. s. m., á skólafestunin að eiga inni í Gránuffjelsverzluninni á Vestdalseyri 1100 kr. úr styrktarsjóðnum handa þeim, sem bíða tjón af jarðeldi, en þessarar upphæðar er ekki getið í reikningunum. Skólamefndin hafði sem sje verið í vafa um, hvort hún ætti að telja í reikningnum þessa upphæð, enda var sýslumanninum í Norðurmúlasýslu eigi fullkunnugt um, hvernig á þessum peningum stæði; síðan hefir sýslumaðurinn samkvæmt áskorun amtsins látið til þær upplýsingar um þetta fje, að því hafi upphaflega verið safnað hjer á landi fyrir milligöngu Tryggva Gunnarssonar og Jóns landritara Jónssonar. Þeir afhentu það síðan síra Sigurði heitnum Gunnarssyni á Hallormsstað til útbýtingar, en af því varð eigi, að fjenu yrði útbýtt; þegar dánarbúi síra Sigurðar var skipt, ljetu erfingjarnir þetta fje inni Gránuffjelsverzlun á Vestdalseyri, og þar hefir það staðið inni síðan gegn vöxtum og hefir eigi verið af þeim tekið, nema 55 kr. í eitt skipti handa einum manni, sem beðið

168 hafði tjón af öskufallinu 1875. Þetta fje hefur þannig eigi staðið í einu sambandi við það fje, sem gefið var erlendis þeim, sem biðu tjón af öskufallinu 1875, og sem styrktarsjóðurinni handa þeim, sem biða tjón af jarðeldi, er stofnaður af.

Nú kom til umræðu, hvernig verja ætti þessum 1100 kr. eða 1045 kr., sem sýslumaðurinn spyr að, hvort ekki megi leggja til skólans á Eyðum, og ályktar amtsráðið, að skýra landshöfðingja frá þessu og leggja það til, að hin áðurnefnda upphæð yrði lögð við styrktarsjóðinn handa þeim, sem biða tjón af jarðeldi, og virðist ekki geta orðið spursmál um, að verja þessari upphæð öðruvísi, en sjálfri innstæðu sjóðsins (sbr. Stjórnartíðindi 1878, B, bls. 157 og 158).

26. Forseti skýrði frá, að landshöfðingi hefði með bræfi 8. nóvbr. 1884 falið sjer eða amtsráðinu að gefa út reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Hólum til að gilda fyrst um sinn, sem væri samkvæm frumvarpi því til reglugjörðar, sem amtsráðið hafði rætt á fundi sínum 1. júní 1883 og sent landshöfðingja. Með því nú ýmsar breytingar voru síðan orðnar á fyrirkomulagi skólans, átti frumvarpið miður vel við, og hafði forseti tekið það ráð, að semja nýtt frumvarp, og hafði lagt það síðan undir álit stjórnarnefndar skólans til þess hún kæmi fram með breytingartillögum sínar við það, og segði um það álit sitt. Frumvarp þetta var nú komið aptur frá stjórnarnefndinni og samdi síðan amtsráðið með hliðsjón af því og breytingartillögum stjórnarnefndarinnar, sem í öllu verulegu voru teknar til greina, að fáeinum lítils háttar atriðum undanteknum, reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Hólum, sem það afreð, að senda landshöfðingja með þeim tillögum, að hann samþykkti það.

Þarnæst var framlögð skrá um rjettindi og skyldur stjórnarnefndar skólans, sem mælist til að fá þessa skrá samþykkt af amtsráðinu. Ráðið samþykkti hana með nokkrum breytingum.

Framlagðar voru skýrslur um fundarhald 4 fulltrúa úr sýslunefndum Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu á Hólum 28.—30. apríl 1884, og skýrslur um fundarhöld stjórnarnefndar skólans á Hólum 4.—6. oktbr. og 10. og 11. nóvbr. 1884 og 1. apríl 1885, og höfðu á þessum fundum ýmislegar ráðstafanir verið gjörðar viðvíkjandi skólanum og skólahaldinu.

Framlögð var reglugjörð fyrir skólastjóra, dagsett 11. nóvbr. 1884, sem forseti amtsráðsins hafði samþykkt; ennfremur hafði forseti amtsráðsins samþykkt að skólastjórinn hafði skipað Jósef búfræðing Björnsson sem skólastjóra.

Skýrsla um athafnir skólans á skólaárinu 1883—84, sem er prentuð, var komin til amtsráðsins og reikningur yfir tekjur og gjöld hans skólaárið 1883—84 ásamt yfirliti yfir tekjur og gjöld hans þangað til í ágúst 1884; ennfremur reikningur yfir efnahag skólabúsins 1883—84. Þessir reikningar, sem eru fylgiskjalalausir, voru yfirskoðaðir og ályktaði amtsráðið að heimta fylgiskjölin við reikninginn yfir tekjur og gjöld skólans 1883—84, sem eigi var hægt að samþykkja að svo stöddu.

Forseti gat þess, að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefði vorið 1883 borgað úr sýslusjóði sem framlag til skólans á Hólum 500 kr. í þeirri von, að Eyjafjarðarsýsla tæki þátt í skólastofnuninni þar, en nú fyrst þetta fyrir, og beiddi sýslumaðurinn amtið um að hlutast til um, að Skagafjarðarsýsla endurborgaði þessa upphæð, þarð hann eigi hefði fengið svar uppá hjeraðlútandi áskorun til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu. Amtið skrifaði síðan sýslumanni þessum viðvíkjandi þessu, en hann skýrði aptur amtmanni frá, að sýslunefndin hefði skorast undan að endurborga þetta fje að svo stöddu. Síðan var þetta mál borið undir sýslunefndina í Eyjafjarðarsýslu, og hafði hún afráðið, að þessar 500 kr. mættu standa í skólastofnuninni, þannig, að upphæðin með áföllnum vöxtum

skyldi ganga uppí tillag sýslunnar, ef til þess kæmi, að Eyjafjarðarsýsla kæmist í samband við Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu um skólann, en yrði það ofan á, að þetta samband kæmist ekki á, skyldi upphæðin með þá áföllnum vöxtum endurborgast. Amtsráðið samþykkti þetta, þarsem það skilur landshöfðingjaþrjef 2. febr. 1884 á þá leið, að það geti komið til tals, að Eyjafjarðarsýsla taki þátt í Hólaskólanum, þegar útsjæð væri um það, að Eyjafjarðarsýsla og Þingeyjarsýsla gengju ekki í fjelagsskap um búnaðarskóla.

27. Framlögð voru eptirnefnd endurrit úr gjörðabókum sýslunefnda og yfirfarin af amtsráðinu:

- a. Frá Húnavatnssýslu, fundargjörðir frá 23.—27. febr. 1885.
- b. Frá Skagafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 28.—30. janúar 1885.
- c. Frá Eyjafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 7.—9. apríl 1885.
- d. Frá Suðurþingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 24.—26. marz 1885. Niðurjöfnun var 794 kr. 21 e., en með því eigi mátti jafna niður meir en 680 kr. 6 aur. samkvæmt 43. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar (sbr. 26. gr.) þarf að leita samþykkis amtsráðsins til þess, að þessi niðurjöfnun sje gild.
- e. Frá Norðurþingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 9.—11. apríl 1885.

Úr Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu voru engar gjörðabókarútskriftir komnar, sem bendir til þess, að sýslunefndirnar þar hafi eigi verið búnar að halda aðalfundi sína á yfirstandandi ári.

Að vísu er það eigi ákveðið í sveitarstjórnartilskipuninni, hvenær á ári sýslunefndir skuli halda aðalfundi sína, en það hefur verið venja hjer í amtinu, að þessir fundir væru haldnir öndverðlega á árinu, enda leiðir það af því, sem fyrirskipað er í 48. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar um aðalfundarhald amtsráðsins, sbr. 41. gr. og 52. gr. 1., að aðalfundir sýslunefnda skuli haldnir svo tímanlega, að reikningar sýslusjóða og sýsluvegasjóða geti verið komnir til ráðsins í tækan tíma. Amtsráðið vill því skora á sýslumennina í nefndum sýslum, að halda aðalfundi sýslunefndanna eigi seinna en í marz eða fyrra hluta apríl, til þess tjeðir reikningar og útskriftir úr gjörðabókunum geti verið komnar til amtsráðsins nokkru fyrir lok maímánaðar ár hvert.

28. Framlagðir voru eptirnefndir sýslusjóðsreikningar fyrir 1884, sem forseti amtsráðsins hafði yfirfarið áður, til rannsóknar og úrskurðar amtsráðsins.

- a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga.
- b. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga.
- c. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga, nema það, að þær 500 kr., sem borgaðar voru til búnaðarskólans á Hólum 1883, verða að tilfærast sem eign sjóðsins í næsta reikningi.
- d. Við reikninginn úr Suðurþingeyjarsýslu fannst að athuga, að 19. fylgiskjalið vantaði.
- e. Við reikninginn úr Norðurþingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga.
- f. Við reikninginn úr Norðurmúlasýslu fannst að athuga:
 1. Vextir og afborgun uppí lán úr landssjóði til búnaðarskólans á Eyðum, 8500 kr., er ranglega tilfærð með 500 kr., en eiga að vera, einsog kvittun landfógeta sýnir, 510 kr.
 2. Fyrir band á Stjórnartíðindum hreppstjórans í Seyðisfjarðarhreppi er greitt úr sýslusjóði 5 kr. 50 a. Að vísu er eigi fyrirskipað í þrjefi landshöfðingja 10. jan. 1879, um útbýting á Stjórnartíðindum til hreppstjóra, að þeir skuli sjá um og kosta band á Stjórnartíðindunum, heldur aðeins geyma og afhenda þau eptir-

68

manni sínum í hreppstjórninni, en í hreppstjórareglugjörðinni, 47. gr., er þeim gjört að skyldu að halda Stjórnartíðindunum saman (sbr auglýsing aptan við B-deildina fyrir 1882, 1883 og 1884); verður þetta eigi gjört, nema Stjórnartíðindunum verði komið í band, og þar sem hjer er eigi um embættisbækur hreppstjóra eða ritföng að ræða, sbr. brjef landshöfðingja 23. oktbr. 1880, 28. marz 1881, 11. jan. 1882, 21. febr. 1882, þá eru áður áminnstar 5 kr. 50 a. ranglega goldnar úr sýslusjóði, og skulu endurgreiddast honum aptur.

Samkvæmt þessum athugasemdum verður eign til næsta árs 2206 kr. 59 a. Sýslusjóðsreikningurinn úr Suðurmúlasýslu var ókominn, og fól amtsráðið forseta sínum að úrskurða hann síðar.

(Framhald).

EMBÆTTISSKIPUN OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

22. júní var Herman Severin Bernhöft viðurkenndur af konungi generalkonsúll í Danmörku (og Íslandi) fyrir Noreg og Svíþjóð.

16. júlí var sýslumanni í Ísafjardarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði C. Fensmark vikið frá embætti af konungi fyrir fullt og allt og án eptirlauna.

S. d. var lector theologiæ, forstöðumanni prestaskólans Sigurði Melsted, r. af dbr., veitt af konungi, eptir beiðni hans, lausn í náð frá embætti frá 1. okt. næstkomandi að telja og með eptirlaunum samkvæmt eptirlaunalögnum.

HEIÐURSMERKI.

16. júlí var lector theol, forstöðumaður prestaskólans Sigurður Melsted, r. af dbr., sæmdur af konungi heiðursmerki dannebrogsmanna.

ÓVEITT EMBÆTTI.

Forstöðumannsembættið við prestaskólann í Reykjavík verður laust frá 1. okt. þ. á. Launin eru 4600 kr. á ári.

Embættið sem sýslumaður í Ísafjardarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði. Launin eru 3500 kr. á ári.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þessi eiga þeir samkvæmt kgsbr. 8. apríl 1844 og kgsúrsk. 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 að láta nægileg vottorð um að þeir kunni íslenzku fylgja bónarbrjefum þeirra.

Auglýst 17. júlí 1885. Bónarbrjef eiga að vera komin til ráðgjafans 20. sept. 1885.

Skýrsla

68

um fund amtsráðsins í norður- og austuramtinu 2. og 3. júní 1885.
(Niðurlag).

29. Framlagðir voru eptirnefndir sýsluvegasjóðsreikningar fyrir 1884 til vannsóknar og úrskurðar amtsráðsins:

- a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga.
- b. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu hefur endurskoðandi sýslunefndarinnar athugað, að tala verkfærra karlmanna í Viðvíkurhreppi sje sett 44 í stað 43 1/2 og á því vegagjald hreppsins að vera 51 kr. 22 a. og vegagjaldið úr allri sýslunni 973 kr. 79 a., en ekki 974 kr. 38 a. Skuld til næsta árs er því 3 kr. 85 a., en ekki 3 kr. 26 a. Að öðru leyti fannst ekkert að athuga við reikninginn.
- c. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu hafa endurskoðendur sýslunefndarinnar athugað, að skýrslan um vegagjörðina á sýsluveginum í Öxnadal (fylgiskjal 19) er mjög ógreinileg, þar sem hvorki er tilgreint, hve mikið verk hafi verið unnið, nje hverpig, og eigi sjest heldur, hve mikið dagkaup hafi verið goldið. Amtsráðið er endurskoðendum samdóma um þetta, og leggur reikningshaldara fyrir, að útvega og senda ráðinu sem fyrst fullkomið fylgiskjal viðvíkjandi hinni áminnstu vegagjörð, og þar með skoðunargjörð tveggja tilkvaddra manna, eða eigið vottorð um hina umræddu vegagjörð. Hið sama er um fylgiskjölin viðvíkjandi vegabótum þeim, sem unnar hafa verið í Svarfaðardal 1883 og í Þóróddsstaðahreppi 1884, að því leyti, sem það sjest eigi, í hverju þessar vegabætur hafa verið fólgnar, og býst amtsráðið við, að reikningshaldari sendi fullnægjandi skýrslu hjer um.
- d. Við reikninginn úr Suðurpingeyjarsýslu fannst að athuga:
 1. Skýrslan um vegagjörðina í Grytubakkahreppi er óljós og ófullkomin, og verður sýslumaður að bæta úr þessu.
 2. Fylgiskjalið viðvíkjandi vegagjörðinni í Hrótey gefur enga lýsing á veginum og heldur eigi fylgir skýrsla um, hve mikið verk hafi unnið verið og hvernig það hafi verið af hendi leyst; amtsráðið ályktaði því, að skora á sýslumann að útvega og senda annaðhvort skoðunargjörð tveggja tilkvaddra manna á hinni unnu vegabót, eða sína eigin lýsing á veginum, hafi hann haft tækifæri til að skoða hann.
- e. Við reikninginn úr Norðurpingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga. Reikningarnir úr Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu eru ókomnir, og fól amtsráðið forseta sínum að úrskurða þá síðar.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi, og var svo fundi slitið.

Akureyri 24. dag júnímán. 1885.

J. Havsteen.

Skýrsla

69

um aðalfund amtsráðsins í suðuramtinu 4.—6. d. júnímánaðar 1885.

Árið 1885, 4. d. júnímánaðar, átti amtsráð suðuramtsins fund með sjer á skrifstofu amtmannsins í suðuramtinu. Á fundinum voru: hinn setti amtmaður í suðuramtinu, og sem kosnir amtsfulltrúar, amtsráðsmaður Dr. Grímur Thomsen og varaamtsráðsmaður Ísleifur prestur Gíslason, sem oddviti hafði boðað á fundinn í stað amtsráðsmanns Skúla prófests Gíslasonar, er hafði tilkynnt forföll sín.

Þessi málefni komu til umræðu:

13. dag ágústmán. 1885.